Reykjavík 24. nóvember 2026
USK26110067

Umsögn um framkvæmdaleyfisumsókn fyrir Hlemmtorg norður og Borgarlínu um Hlemm 6.áfangi

Lögð fram umsókn Margrétar Elínar Sigurðardóttur 5.nóvember 2026, um framkvæmdaleyfi vegna endurgerð Hlemmtorgs og Borgarlínu um Hlemm þar með talið gatnagerð, lagnir og yfirborðsfrágangur samkvæmt samþykktum hönnunargögnum.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 liggur Borgarlínan um miðsvæði M1. Á þéttbýlisuppdrætti er búið að merkja inn legu Borgarlínu gegnum svæðið.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Hlemm og nágrenni umferðarskipulag og stækkun Hlemmtorgs ásamt síðari breytingum.

Í deiliskipulagi er gert grein fyrir því hvernig lega borgarlínu og hjólastíga skal vera, tilgreind er staðsetning borgarlínustöðva.

Lýsing á framkvæmd

Framkvæmdin er hluti af uppbyggingu Borgarlínu og felst í endurgerð og uppbyggingu nýs torgsvæðis við Hlemm, frá Snorrabraut austur að núverandi framkvæmdasvæði. Samhliða uppbyggingu Borgarlínuakreina verða veitukerfi endurnýjuð og göngu-, hjóla- og akstursrými endurgerð. Framkvæmdir verða unnar í áföngum með tímabundnum breytingum á umferð, aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda og afmörkun vinnusvæða eftir því sem verkinu vindur fram.

Reykjavík

Áhersla er lögð á að lágmarka áhrif framkvæmda á umferð. Með umferð er átt við alla samgöngumáta, bæði á götum, stígum og þverunum. Lögreglustöð Höfuðborgarsvæðisins er við Hverfisgötu 113-115 og mikilvægt að umferð til og frá lögreglustöðinni sé haldið opinni og lögreglan sé upplýst um framkvæmdirnar.

Helstu framkvæmdir

- Upprif og förgun á malbiki og kantsteini í núverandi götum
- Upprif og förgun á núverandi hellulögn
- Losun á klöpp í lagnasvæðum stofnlagna
- Uppgreftri og jarðvegsskiptum
- Fullnaðarfrágangur fyllinga undir götu og gangstéttar
- Fullnaðarfrágangur fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, raf- og fjarskiptalagna
- Fullnaðarfrágangur hellulagnar og kantsteina
- Fullnaðarfrágangur blágrænna beða
- Fullnaðarfrágangur á malbikuðu yfirborði.
- Endurnýjun götulýsingu
- Endurnýjun á umferðarljósum

Áfangaskipting 6.áfanga



Reykjavík

Áfangi 2 - Vinnusvæðið nær yfir hluta Snorrabrautar og lítinn hluta svæðisins vestan við Hlemm. Gert er ráð fyrir lokun Hverfisgötu við Snorrabraut og að umferð verði beint um hjáleið um Laugaveg.
Í þessum áfanga er gert ráð fyrir framkvæmdum sem felast í gerð lagnaskurða og tengingum við veitukerfi, uppbyggingu götu og Borgarlínuakreina, frágangi kanta, göngu- og hjólasvæða, yfirborðsfrágangi og undirbúningi fyrir umferðarljós, lýsingu og önnur götumannvirki. Jafnframt verða bráðabirgðaleiðir fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur færðar eftir því sem vinnusvæðið færist og framkvæmdum vindur fram.

Áfangi 3 - Vinnusvæðið færist austur eftir framkvæmdasvæðinu.
Í þessum áfanga verður áfram unnið að samfelldri endurgerð götunnar, þar á meðal endurnýjun fráveitu-, vatnsveitu- og hitaveitulagna, rafmagns- og fjarskiptalaga, uppbyggingu snjóbræðslu þar sem hún er fyrirhuguð, lagningu akbrauta og Borgarlínuakreina, gerð gangstétta og hjólaleiða, sem og uppsetningu lýsingar, umferðarljósa og skilta. Núverandi umferðar- og götumerkingar sem falla úr gildi verða fjarlægðar eða málaðar yfir. Akrein sem haldið er opinni á framkvæmdatíma skal vera að lágmarki 3,5 m breið og aðgengi gangandi og hjólandi um Hverfisgötu skal tryggt allan framkvæmdatímann.

Áfangi 4 - Vinnusvæðið er afmarkað norðan megin við Hlemm og Laugaveg.
Í þessum áfanga er gert ráð fyrir uppbyggingu torgyfirborðs, hellulögn og lagningu náttúrusteins, lögð snjóbræðsla, frágangur regnbeða og gróðursvæða, gerð undirstaða fyrir bekki, hjólastæði og önnur torgmannvirki. Gönguleið við vinnusvæðið verður lokuð á meðan á framkvæmdum stendur og gangandi vegfarendum vísað um tímabundnar hjáleiðir.

Áfangi 5 – Framkvæmdir fara fram norðan við vinnusvæði áfanga 4.
Í þessum áfanga er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu torgsvæðisins, þar á meðal hellulögn og öðrum yfirborðsfrágangi, frágangi gróðurbeða, trjáa, jarðveg og burðarlag fyrir gróður, gerð steyptra undirstaða og uppsetningu stálvirkja, bekkja, hjólastæða og annarra götugagna, auk lagningar snjóbræðslu, lýsingar og rafkerfa. Göngu- og hjólaleið innan vinnusvæðisins verður lokuð tímabundið og komið fyrir hjáleiðum fyrir vegfarendur.

Áfangi 6 - Vinnusvæðið er við austurenda framkvæmdasvæðisins.
Í þessum lokaáfanga er gert ráð fyrir lokafrágangi og samtengingu framkvæmdasvæða. Verkið felst meðal annars í lokafrágangi yfirborðs, tengingu hellulagna, göngu- og hjólaleiða, frágangi lýsingar, merkinga og götugagna, sem og frágangi við jaðra framkvæmdarinnar og tengingu við núverandi yfirborð.

Framkvæmdatími

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í nóvember 2026 og verklok eru áætluð í desember 2028. Unnið verður eftir samþykktri verkáætlun verktaka.

Umsögn

Ákvörðun um Borgarlínuna byggir á samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040, samgönguáætlun 2020–2034 og aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Jafnframt fellur hún að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, viljayfirlýsingu um að beina fjármagni í sjálfbæra uppbyggingu, Landsskipulagsstefnu og stefnum í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og segir í greinagerð deiliskipulags er meginmarkmið Borgarlínu að bjóða upp á betri þjónustu almenningssamganga en hefur þekkst hér á landi.

Veitur - Verkefnið felur í sér endurnýjun og tilfærslu á stofn- og dreifilögnum fyrir fráveitu,hitaveitu, vatnsveitu og rafveitu á Laugarvegi, Hverfisgötu og Snorrabraut. Einnig skal tengja þessar lagnir við nærliggjandi stofnkerfi. Vinna felur jafnframt í sér tilfærslu á eldri lögnum og brunnum ásamt uppsetningu á nýjum lögnum, brunnum og ídráttarrörum fyrir fjarskiptakerfi Mílu og Ljósleiðarans.

Minjar - Rask á menningarminjum er háð leyfi Minjastofnunar Íslands. Ef verktaki verður var ummerkja sem bent gætu til slíkra minja skal hann stöðva framkvæmdir á viðkomandi svæði og tilkynna það eftirliti. Ekki er vitað um menningarminjar í vegstæði Borgarlínu.

Mengaður jarðvegur - Á framkvæmdarsvæðinu er þekktur greftrunarstaður dýraleifa sem kann að tengjast miltisbrandi. Samkvæmt mati sérfræðinga er ekki talin þörf á að gera prufuholur eða taka jarðvegssýni til staðfestingar á tilvist miltisbrands áður en framkvæmdir hefjast. Þess í stað skal framkvæmdaraðili hafa sérstakt eftirlit með svæðinu meðan á jarðvinnu stendur.

Komi í ljós dýraleifar, mannvistarleifar eða önnur ummerki við jarðvinnu sem kunna að tengjast eldri urðun skal stöðva framkvæmdir tafarlaust á viðkomandi svæði og hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Umhverfisstofnun. Jarðverktakar og aðrir sem koma að framkvæmdinni skulu fara eftir leiðbeiningum HER um viðbrögð og meðhöndlun slíkra leifa.

Við framkvæmd verksins skal fylgja verklagi sem lýst er í Minnisblaði VSÓ Ráðgjöf um um meðhöndlun dýraleifa við jarðvegsvinnu í Reykjavík.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

Tryggja skal greiða aðkomu neyðarþjónustu, sérstaklega að lögreglustöð við Hverfisgötu 113-115.

Samráð skal haft við Veitur, Mílu, Ljósleiðarann og aðra eigendur lagna áður en framkvæmdir hefjast.

Framkvæmdaraðili skal tryggja að verktakar og starfsmenn sem koma að jarðvinnu hafi kynnt sér og fylgi „Minnisblaði VSÓ Ráðgjöf um meðhöndlun dýraleifa við jarðvegsvinnu í Reykjavík“ áður en framkvæmdir hefjast. Komi í ljós dýraleifar eða önnur ummerki sem kunna að tengjast urðun dýra skal stöðva framkvæmdir tafarlaust og fylgja verklagi minnisblaðsins.

Samráð skal haft við Minjastofnun Íslands um fyrirhugaðar framkvæmd með fyrirvara áður en framkvæmdir hefjast. Þannig að Minjastofnun geti fara yfir nánari útfærslu framkvæmdarinnar og eftir atvikum, gert kröfu um viðeigandi eftirlit fornleifafræðings á framkvæmdatíma. Verði gerðar athugasemdir eða sett fram skilyrði af hálfu Minjastofnunar skulu þær uppfylltar áður en viðkomandi framkvæmdaþáttur hefst. Ef fornleifar finnast skal stöðva framkvæmdir og tilkynna Minjastofnun án tafar.

Viðhalda skal öruggu aðgengi gangandi og hjólandi eins og kostur er allan framkvæmdatímann.

Afla skal afnotaleyfis vegna girðinga, vinnubúða eða annarra umráða yfir borgarlandi.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi. Sækja skal um nýtt framkvæmdaleyfi ljúki framkvæmdum ekki enna tíma samkvæmt leyfi þessu.

Framkvæmdir skulu eingöngu fara fram á þeim tímum sem heimilað er í reglugerð hávaða nr. 724/2008

Niðurstaða

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna Borgarlínu, 1. lotu, leggjar 140, Hlemmur - Laugavegur.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, gildandi svæðisskipulag og deiliskipulag svæðisins. Um er að ræða mikilvæga innviðaframkvæmd sem styður við uppbyggingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Umhverfismatsskýrsla framkvæmdarinnar liggur fyrir og skal tekið mið af þeim mótvægisaðgerðum sem þar eru lagðar til.

Lagt er til að framkvæmdaleyfi verði gefið út með þeim skilyrðum sem fram koma í leyfinu.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Helga Rún Guðmundsdóttir

verkefnastjóri

Reykjavík